

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2022
UST202201-322/S.S.
04.03

Efni: Umsögn um áform um niðurfellingu laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis og breytingu á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, mál nr. 22/2022

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnti þann 28. janúar 2022 áform um niðurfellingu laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis og breytingu á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins. Umsagnafrestur var veittur til 11. febrúar 2022.

Í stjórnarsáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, 2021 er sett fram það markmið að Ísland nái kolefnishlutleysi og fullum orkuskiptum eigi síðar en árið 2040 og verði þá óháð jarðefnaeldsneyti fyrst ríkja. Ríkisstjórnin muni ekki gefa út nein leyfi til olíuleitar í efnahagslögsögu Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins má enginn leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni utan netlaga nema að fengnu skriflegu leyfi Orkustofnunar. Með lögum nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis var í löggjöfinni settur rammi um leyfisveitingu fyrir leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Þannig gerir núgildandi löggjöf ráð fyrir að hægt sé að uppfylltum skilyrðum að fá útgefið leyfi til rannsóknar og vinnslu kolvetnis í efnahagslögsögu Íslands.

Mögulegar leiðir við lagasetningu, sem skoðaðar voru, til að ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt voru:

- Að breyta lögum nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.
- Heildarendurskoðun laga sem varða auðlindir hafsbotsins.
- **Brottfall laga nr. 13/2001 ásamt breytingu á lögum nr. 73/1990.**

Sú leið sem er áformuð er að fella brott lög nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis ásamt breytingu á lögum nr. 73/1990.

Eins og rakið er hér að framan er stefna stjórnvalda að gefa ekki út leyfi til olíuleitar í efnahagslögsögu Íslands. Til samræmis við þá stefnu er áformað að orða með jákvæðum hætti bann við leit og vinnslu kolvetnis í efnahagslögsögu Íslands í lögum nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við fyrirhuguð áform um niðurfellingu laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis og breytingu á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Umhverfisstofnun bendir á að umrædd lög sem lagt er til að verði felld niður hafa haft áhrif á aðra lagabálka og hlýtur því að vera eðlilegt að breyta þeim til samræmis. Umhverfisstofnun nefnir eftirfarandi dæmi (liðir 1.- 4.) um lagatilvísanir sem tilefni væri til að skoða.

1. Lög 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

1. mgr. 2. gr., 33. gr. VI. kafla og 10. tl. viðauka II við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr.

1. mgr. 2. gr laga nr. 7/1998 – Gildissvið

Síðasti málsliður er orðaður svo: „*Lögin ná einnig til starfsemi og framkvæmda í efnahagslögsögunni vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis.*“

VI. kafli. laga nr. 7/1998 - Sérákvæði fyrir atvinnurekstur vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis (33. gr.)

„Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir atvinnurekstur vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis sem getur haft í för með sér mengun í hafi eða á hafsbotni innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka. Áður en Umhverfisstofnun tekur ákvörðun varðandi leyfisumsókn skal stofnunin afla umsagna [Hafrannsóknastofnunar], ²⁾ Orkustofnunar og Brunamálstofnunar. Umhverfisstofnun annast eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum vegna starfsleyfisskyldrar starfsemi samkvæmt þessari grein. [Sú starfsemi sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Hafi tillaga að strandsvæðisskipulagi verið auglýst þegar umsókn er lögð fram er leyfisveitanda heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir svæðið. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.] ³⁾ Ráðherra setur reglugerð samkvæmt tillögum Umhverfisstofnunar um framkvæmd hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlits varðandi mannvirki sem reist eru vegna rannsókna eða vinnslu kolvetnis í jörðu“

10. tl. viðauka II við lög 7/1998 - Starfsleyfisskylda

Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi fyrir rannsóknum og vinnslu kolvetnis á grundvelli laga nr. 7/1998.

Viðauki II við lögin, töluliður 10 er orðaður svo: „*Rannsóknir og vinnsla kolvetnis*“.

2. Lög 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

iv. liður 2.04 tl. 1. viðauka við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr.



UMHVERFIS

STOFNUN

iv. liður 2.04 t.l. viðauka 1 við lög nr. 111/2021 - Flokkun framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

iv. liður 2.04 t.l. viðauka 1 er orðaður svo: „*vinnsla og rannsóknarboranir vegna kolvetnis utan netlaga og innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka*“

3. Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

b. liður 9. t.l. 3. gr. og 38. t.l. A. liður viðauka I, laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr.

b. liður 9. t.l. 3. gr.,

Síðasti málsliður er orðaður svo: – „*nema um sé að ræða efni frá kolvetnisvinnslu eða borunum tengdum henni*“

38. t.l. A. liður viðauka I - Starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó.

38. t.l. A. liður viðauka I er orðaður svo – „*Rannsóknir og vinnsla kolvetnis innan mengunarlögsögunnar*“

4. Lög um brunavarnir nr. 75/2000

13. gr. a. laga nr. 75/2000 um brunavarnir, sbr.

13. gr. a.

Mannvirki innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka sem eru fyrirhuguð eða tilkomin vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis skulu háð sérstöku öryggismati sem framkvæmt er af notanda mannvirkis og staðfest af [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun]. ¹⁾ Öryggismat þetta skal endurskoða að jafnaði á fimm ára fresti. [Ráðherra] ²⁾ setur að fengnum tillögum [Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar] ¹⁾ reglugerð um útfærslu og framkvæmd öryggismats, svo og þau gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar verður að telja til að matið byggist á öruggum forsendum. Í reglugerð þessari skal einnig kveðið á um hlutverk slökkviliða vegna eld- eða sprengihættu í þessu sambandi.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að heildaráhrif fyrirhugaðra áforma séu skoðuð, hvaða áhrif þau hafa á aðra lagabálka og hvort eðlilegt sé að breyta öðrum lögum samhliða brottfalli laga nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis .

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðubúnir að koma á fund Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Sigríður Skaftadóttir
lögfræðingur

Sverrir A. Jónsson
teymisstjóri